

## 19. gr.

Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð eru á hafnarsvæðinu, skulu renna í hafnarsjóð.

## 20. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir hafnsögubáta og önnur tæki og aðra aðstoð, sem framkvæmt er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

12. febrúar 1973.

Nr. 50.

## SAMÞYKKT

fyrir **Veiðifélag Laxdæla.**

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxdæla. Heimili þess er að Þrándargili, Laxárdalshreppi, Dal., varnarþing á þingstað hreppsins.

## 2. gr.

Markmið félagsins er: Ræktun Laxár með laxaklaki og fiskeldi og öðrum þeim umbótum, sem henta á hverjum tíma, t. d. gerð fiskvega, fjölgun veiðifljóta, vatnsmiðlun, vegalagningu að veiðistöðum o. fl. Að gera leigusamning fyrir Laxá eða annast rekstur hennar.

## 3. gr.

Félagið hefur umráð yfir rétti til lax- og silungsveiði á göngufiski á vatnsvæði Laxár. Félagssvæðið eru eftirtaldar jarðir: Fjósar, Hrappsstaðir, Hjarðarholt, Spágilsstaðir, Goddastaðir, Lambastaðir, Gillastaðir I—II, Sámsstaðir I, II, III, Hamrar, Svalhöfði, Sólheimar I—II, Pálssel, Dönustaðir og Lambeyrar, Gröf, Svarf-hóll og Engihlíð, Þrándargil, Leiðólfsstaðir, Hornsstaðir, Höskuldsstaðir, Sauðhús, Saurar, Ás. Alls 28 jarðir.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður og þrír meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, fyrst gengur einn úr, eftir hlutkesti, síðan tveir og tveir, síðan helzt sama röð.

Stjórnin kys formann og varaformann árlega að loknum aðalfundi.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn félagsins í þrjú ár samfleytt. Að jafn löngum tíma liðnum er hann skyldur að taka við kosningu. Einn varamaður skal kosinn árlega.

#### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda, hún ræður það starfsfólk, sem reksturinn þarfnast og gerir við það samninga, hún hefur eftirlit með því að samþykktum félagsins sé hlitt. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og fjárreiðum öllum, hann boðar til funda og stjórnar þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

#### 6. gr.

Aðalfundur skal haldinn ekki síðar en 15. júní ár hvert. Aðalfundur er lög-  
mætur, ef hann er boðaður skriflega með dagskrá og viku fyrirvara, og þegar  $\frac{1}{3}$  hluti félagsmanna og meirihluti stjórnar er mættur. Nú er aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara og er þá fundurinn ávallt lögmætur. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfs-  
ári, leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundur-  
inn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á félagslögum og arðskrá sé að ræða, eða félagslit.

#### 7. gr.

Aukafundur heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef  $\frac{1}{4}$  hluti félags-  
manna æskir þess og tilgreinir fundarefni. Alla aukafundi skal boða símleiðis með  
dagskrá og þriggja daga fyrirvara.

#### 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og öðrum tekjum, svo og öllum gjöldum er af starf-  
semi félagsins leiðir skal skipt niður á félagsmenn samkv. arð- og gjaldskrá, sem lög-  
mætur fundur samþykkir og undirrituð er samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði á  
hverjum tíma.

#### 9. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema  $\frac{2}{3}$  hlutar félagsmanna samþykki.

#### 10. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/  
1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og  
silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1973.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*